

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 248/2021**

**frá 24. september 2021**

**um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),  
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/796 frá 11. maí 2016 um Járnbrautarstofnun Evrópusambandsins og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 881/2004 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2338 frá 14. desember 2016 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1370/2007 um að opna markaðinn fyrir innlenda farþegaflutninga á járnbrautum <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/554 frá 5. apríl 2019 um breytingu á VI. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/59/EB um útgáfu skírteina fyrir lestarstjóra sem keyra eimreiðar og lestir í járnbrautarkerfi Bandalagsins <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1305/2014 frá 11. desember 2014 um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar fjarvirknibúnað fyrir vöruflutningaundirkerfi járnbrautakerfis Evrópusambandsins og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 62/2006 <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/761 frá 16. febrúar 2018 um að koma á sameiginlegum öryggisaðferðum við eftirlit landsbundinna öryggisyrvalda eftir að öryggisskírteini eða öryggisheimild hefur verið gefin út samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/798 og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1077/2012 <sup>(5)</sup>.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 138, 26.5.2016, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 354, 23.12.2016, bls. 22.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 97, 8.4.2019, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 356, 12.12.2014, bls. 438.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 129, 25.5.2018, bls. 16.

- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/762 frá 8. mars 2018 um að koma á sameiginlegum öryggisaðferðum varðandi kröfur um öryggisstjórnunarkerfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/798 og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1158/2010 og (ESB) nr. 1169/2010 <sup>(6)</sup>.
- 7) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/6 frá 5. janúar 2017 um evrópska framkvæmdaáætlun um evrópskt stjórnunarkerfi fyrir járnbrautarumferð <sup>(7)</sup>.
- 8) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/278 frá 23. febrúar 2018 um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 1305/2014 að því er varðar uppbyggingu skeyta, gagna- og skeytalíkan, vinnslugagnagrunn fyrir vagna og samþættar einingar, og um að samþykkja upplýsingastaðal fyrir boðskiptalag sameiginlegs skilflatar <sup>(8)</sup>.
- 9) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/545 frá 4. apríl 2018 um að koma á hagnýtu fyrirkomulagi fyrir heimildarferlið fyrir járnbrautarvagna og gerðir járnbrautarvagna samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/797 <sup>(9)</sup>.
- 10) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/763 frá 9. apríl 2018 um að koma á hagnýtu fyrirkomulagi varðandi útgáfu eins öryggiskírteinis til járnbrautarfyrirtækja samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/798 og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 653/2007 <sup>(10)</sup>.
- 11) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/764 frá 2. maí 2018 um þóknanir og gjöld sem greiða ber til Járnbrautarstofnunar Evrópusambandsins og tilheyrandi greiðsluskilyrði <sup>(11)</sup>.
- 12) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/867 frá 13. júní 2018 um starfsreglur kærunefnda(r) Járnbrautarstofnunar Evrópusambandsins <sup>(12)</sup>.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 129, 25.5.2018, bls. 26.

<sup>(7)</sup> Stjtið. ESB L 3, 6.1.2017, bls. 6.

<sup>(8)</sup> Stjtið. ESB L 54, 24.2.2018, bls. 11.

<sup>(9)</sup> Stjtið. ESB L 90, 6.4.2018, bls. 66.

<sup>(10)</sup> Stjtið. ESB L 129, 25.5.2018, bls. 49.

<sup>(11)</sup> Stjtið. ESB L 129, 25.5.2018, bls. 68.

<sup>(12)</sup> Stjtið. ESB L 149, 14.6.2018, bls. 3.

- 13) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/868 frá 13. júní 2018 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1301/2014 og reglugerð (ESB) nr. 1302/2014 að því er varðar ákvæði um orkumælikerfi og gagnaöflunarkerfi <sup>(13)</sup>.
- 14) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/250 frá 12. febrúar 2019 um sniðmát fyrir „EB“-yfirlýsingar og -vottorð fyrir rekstrarsamhæfishluta og undirkerfi járnbrauta, um fyrirmynd að samræmisyfirlýsingu fyrir viðurkennda gerð járnbrautarvagns, um „EB“-sannprófunaraðferðir fyrir undirkerfi í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/797 og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 201/2011 <sup>(14)</sup>.
- 15) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/772 frá 16. maí 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1300/2014 að því er varðar skrá yfir eignir með það í huga að auðkenna aðgangshindranir, veita notendum upplýsingar og vakta og meta framfarir varðandi aðgengileika <sup>(15)</sup>.
- 16) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/773 frá 16. maí 2019 um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar undirkerfið „rekstur og stjórn umferðar“ í járnbrautakerfi Evrópusambandsins og um niðurfellingu ákvörðunar 2012/757/ESB <sup>(16)</sup>.
- 17) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/774 frá 16. maí 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1304/2014 að því er varðar beitingu tækniforskrifta um rekstrarsamhæfi varðandi undirkerfið „járnbrautarvagnar-hávaði“ í tengslum við fyrirliggjandi vöruflutningavagna <sup>(17)</sup>.
- 18) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/775 frá 16. maí 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 454/2011 að því er varðar breytingastjórnun <sup>(18)</sup>.
- 19) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/776 frá 16. maí 2019 um breytingu á reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 321/2013, (ESB) nr. 1299/2014, (ESB) nr. 1301/2014, (ESB) nr. 1302/2014, (ESB) nr. 1303/2014 og (ESB) 2016/919 og framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/665/ESB að því er varðar samræmingu við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/797 og uppfyllingu

<sup>(13)</sup> Stjtið. ESB L 149, 14.6.2018, bls. 16.

<sup>(14)</sup> Stjtið. ESB L 42, 13.2.2019, bls. 9.

<sup>(15)</sup> Stjtið. ESB L 139I, 27.5.2019, bls. 1.

<sup>(16)</sup> Stjtið. ESB L 139I, 27.5.2019, bls. 5.

<sup>(17)</sup> Stjtið. ESB L 139I, 27.5.2019, bls. 89.

<sup>(18)</sup> Stjtið. ESB L 139I, 27.5.2019, bls. 103.

tiltekinna markmiða sem sett eru fram í framseldri ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1474 <sup>(19)</sup>.

- 20) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/777 frá 16. maí 2019 um sameiginlegar forskriftir um skrá yfir járnbrautargrunnvirki og um niðurfellingu framkvæmdarákvörðunar 2014/880/ESB <sup>(20)</sup>.
- 21) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/778 frá 16. maí 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1305/2014 að því er varðar breytingastjórnun <sup>(21)</sup>.
- 22) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/779 frá 16. maí 2019 um ítarleg ákvæði um vottunarkerfi fyrir aðila sem sjá um viðhald á ökutækjum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/798 og um niðurfellingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 445/2011 <sup>(22)</sup>.
- 23) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/387 frá 9. mars 2020 um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 321/2013, (ESB) nr. 1302/2014 og (ESB) 2016/919 að því er varðar útvíkkun notkunarviðs og umbreytingarfasa <sup>(23)</sup>.
- 24) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/424 frá 19. mars 2020 um að leggja upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina að því er varðar frávik frá beitingu tækniforskrifta um rekstrarsamhæfi í samræmi við tilskipun (ESB) 2016/797 <sup>(24)</sup>.
- 25) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/797/EB frá 11. maí 2016 um rekstrarsamhæfi járnbrautakerfisins í Evrópusambandinu (endurútfærin) <sup>(25)</sup>.
- 26) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/798 frá 11. maí 2016 um öryggi járnbrauta (endurútfærin) <sup>(26)</sup>, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 59, 7.3.2017, bls. 41, og Stjtið. ESB L 317, 9.12.2019, bls. 114.
- 27) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/38/ESB frá 10. mars 2014 um breytingu á III. viðauka við tilskipun

<sup>(19)</sup> Stjtið. ESB L 139I, 27.5.2019, bls. 108.

<sup>(20)</sup> Stjtið. ESB L 139I, 27.5.2019, bls. 312.

<sup>(21)</sup> Stjtið. ESB L 139I, 27.5.2019, bls. 356.

<sup>(22)</sup> Stjtið. ESB L 139I, 27.5.2019, bls. 360.

<sup>(23)</sup> Stjtið. ESB L 73, 10.3.2020, bls. 6.

<sup>(24)</sup> Stjtið. ESB L 84, 20.3.2020, bls. 20.

<sup>(25)</sup> Stjtið. ESB L 138, 26.5.2016, bls. 44.

<sup>(26)</sup> Stjtið. ESB L 138, 26.5.2016, bls. 102.

Evrópuþingsins og ráðsins 2008/57/EB að því er varðar hávaðamengun<sup>(27)</sup>.

- 28) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1614 frá 25. október 2018 um forskriftir fyrir þær ökutækjaskrár sem um getur í 47. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/797 og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/756/EB<sup>(28)</sup>.
- 29) Reglugerð (ESB) nr. 1305/2014 fellir úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 62/2006<sup>(29)</sup>, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn, og ber því að fella gerðina brott samkvæmt samningnum.
- 30) Reglugerð (ESB) 2016/796 fellir úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 881/2004<sup>(30)</sup>, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn, og ber því að fella gerðina brott samkvæmt samningnum.
- 31) Framseld reglugerð (ESB) 2018/761 fellir úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1077/2012<sup>(31)</sup>, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn, og ber því að fella gerðina brott samkvæmt samningnum.
- 32) Framseld reglugerð (ESB) 2018/762 fellir úr gildi frá 16. júní 2025 reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1158/2010<sup>(32)</sup> og (ESB) nr. 1169/2010<sup>(33)</sup>, sem hafa verið teknar upp í EES-samninginn, og ber því að fella gerðirnar brott samkvæmt EES-samningnum frá 16. júní 2025.
- 33) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/763 fellir úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 653/2007<sup>(34)</sup>, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn, og ber því að fella hana brott samkvæmt samningnum.
- 34) Framkvæmdarákvörðun (ESB) 2018/1614 fellir úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/756/EB<sup>(35)</sup>, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn, og ber því að fella gerðina brott samkvæmt samningnum.
- 35) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/250 fellir úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 201/2011<sup>(36)</sup>, sem hefur verið tekin

<sup>(27)</sup> Stjtið. ESB L 70, 11.3.2014, bls. 20.

<sup>(28)</sup> Stjtið. ESB L 268, 26.10.2018, bls. 53.

<sup>(29)</sup> Stjtið. ESB L 13, 18.1.2006, bls. 1.

<sup>(30)</sup> Stjtið. ESB L 164, 30.4.2004, bls. 1.

<sup>(31)</sup> Stjtið. ESB L 320, 17.11.2012, bls. 3.

<sup>(32)</sup> Stjtið. ESB L 326, 10.12.2010, bls. 11.

<sup>(33)</sup> Stjtið. ESB L 327, 11.12.2010, bls. 13.

<sup>(34)</sup> Stjtið. ESB L 153, 14.6.2007, bls. 9.

<sup>(35)</sup> Stjtið. ESB L 305, 23.11.2007, bls. 30.

<sup>(36)</sup> Stjtið. ESB L 57, 2.3.2011, bls. 8.

upp í EES-samninginn, og ber því að fella hana brott samkvæmt samningnum.

- 36) Framseld reglugerð (ESB) 2019/773 fellir úr gildi, frá 16. júní 2024, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/757/ESB <sup>(37)</sup>, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn, og ber því að fella gerðina brott samkvæmt samningnum frá 16. júní 2024.
- 37) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/777 fellir úr gildi framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/880/ESB <sup>(38)</sup>, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn, og ber því að fella gerðina brott samkvæmt samningnum.
- 38) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/779 fellir úr gildi reglugerð (ESB) nr. 445/2011 <sup>(39)</sup>, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn, og ber því að fella gerðina brott samkvæmt samningnum.
- 39) Reglugerð (ESB) 2016/797 fellir úr gildi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/57/EB <sup>(40)</sup>, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn, og ber því að fella gerðina brott samkvæmt samningnum.
- 40) Tilskipun (ESB) 2016/798 fellir úr gildi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/49/EB <sup>(41)</sup>, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn, og ber því að fella gerðina brott samkvæmt samningnum.
- 41) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

#### TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

##### *I. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XIII. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við lið 4a (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1370/2007):  
  
„, breytt með:  
  
– **32016 R 2338**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2338 frá 14. desember 2016 (Stjtið. ESB L 354, 23.12.2016, bls. 22).“
2. Eftirfarandi er bætt við lið 37ai (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1304/2014):

<sup>(37)</sup> Stjtið. ESB L 345, 15.12.2012, bls. 1.

<sup>(38)</sup> Stjtið. ESB L 356, 12.12.2014, bls. 489.

<sup>(39)</sup> Stjtið. ESB L 122, 11.5.2011, bls. 22.

<sup>(40)</sup> Stjtið. ESB L 191, 18.7.2008, bls. 1.

<sup>(41)</sup> Stjtið. ESB L 164, 30.4.2004, bls. 44.

„, breytt með:

- **32019 R 0774:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/774 frá 16. maí 2019 (Stjtið. ESB L 139I, 27.5.2019, bls. 89).“

3. Eftirfarandi aðlögunartextum er bætt við lið 37ai (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1304/2014):

„c) Í b-lið greinar 7.3.2.4 í viðaukanum koma orðin „Noregur og“ á undan orðinu „Svíþjóð“.

d) Í b-lið greinar 7.4.1 í viðaukanum er orðinu „Noregur“ bætt við á undanum orðunum „og Svíþjóð“ og orðinu „norsku“ er bætt við á undan orðunum „og sænsku“.

4. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 37d (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/57/EB):

„– **32014 L 0038:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/38/ESB frá 10. mars 2014 (Stjtið. ESB L 70, 11.3.2014, bls. 20).“

5. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 37da (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/756/EB):

„– **32018 D 1614:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1614 frá 25. október 2018 (Stjtið. ESB L 268, 26.10.2018, bls. 53).“

6. Eftirfarandi undirlið er bætt við liði 37dba (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1303/2014), 37i (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/919) og 37n (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 321/2013):

„– **32019 R 0776:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/776 frá 16. maí 2019 (Stjtið. ESB L 139I, 27.5.2019, bls. 108).“

7. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 37dj (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 454/2011):

„– **32019 R 0775:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/775 frá 16. maí 2019 (Stjtið. ESB L 139I, 27.5.2019, bls. 103).“

8. Eftirfarandi er bætt við liði 37dk (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar 2011/665/ESB) og 37o (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1299/2014):

„, breytt með:

- **32019 R 0776:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/776 frá 16. maí 2019 (Stjtið. ESB L 139I, 27.5.2019, bls. 108).“
9. Eftirfarandi er bætt við liði 37dn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1301/2014) og 37do (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1302/2014):
- „, breytt með:
- **32018 R 0868:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/868 frá 13. júní 2018 (Stjtið. ESB L 149, 14.6.2018, bls. 16),
  - **32019 R 0776:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/776 frá 16. maí 2019 (Stjtið. ESB L 139I, 27.5.2019, bls. 108).“
10. Eftirfarandi undirlið er bætt við liði 37do (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1302/2014), 37i (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/919) og 37n (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 321/2013):
- „– **32020 R 0387:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/387 frá 9. mars 2020 (Stjtið. ESB L 73, 10.3.2020, bls. 6).“
11. Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 37h (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 62/2006):
- „**32014 R 1305:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1305/2014 frá 11. desember 2014 um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar fjarvirknibúnað fyrir vöruflutningaundirkerfi járnbrautakerfis Evrópusambandsins og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 62/2006 (Stjtið. ESB L 356, 12.12.2014, bls. 438), breytt með:
- **32018 R 0278:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/278 frá 23. febrúar 2018 (Stjtið. ESB L 54, 24.2.2018, bls. 11),
  - **32019 R 0778:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/778 frá 16. maí 2019 (Stjtið. ESB L 139I, 27.5.2019, bls. 356).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi málsgrein er bætt við eftir 3. mgr. greinar 7.1.4. í viðaukanum:



„4. Eftirlitsstofnun EFTA skal eiga áheyrnaraðild í framkvæmdanefndinni.““

12. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 37ia (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/463/ESB):

„37ib. **32017 R 0006**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/6 frá 5. janúar 2017 um evrópska framkvæmdaáætlun um evrópskt stjórnunarkerfi fyrir járnbrautarumferð (Stjtið. ESB L 3, 6.1.2017, bls. 6).“

13. Eftirfarandi er bætt við lið 37ma (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1300/2014):

„, breytt með:

– **32019 R 0772**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/772 frá 16. maí 2019 (Stjtið. ESB L 139I, 27.5.2019, bls. 1).“

14. Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 37o (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1299/2014):

„37p. **32016 L 0797**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/797 frá 11. maí 2016 um rekstrarsamhæfi járnbrautakerfisins í Evrópusambandinu (endurútgefin) (Stjtið. ESB L 138, 26.5.2016, bls. 44).

„Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í 2. mgr. 11. gr. er orðunum „og, að því er varðar EFTA-ríkin, Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir hugtakinu „framkvæmdastjórnin“.

b) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við 51. gr.:

„4. EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt í nefndinni, án atkvæðisréttar.

5. Formaður nefndarinnar getur boðið Eftirlitsstofnun EFTA að taka þátt sem áheyrnarfulltrúi, án atkvæðisréttar.“

37pa. **32018 R 0545**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/545 frá 4. apríl 2018 um að koma á hagnýtu fyrirkomulagi fyrir heimildarferlið fyrir járnbrautarvagna og gerðir járnbrautarvagna samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/797 (Stjtið. ESB L 90, 6.4.2018, bls. 66).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í 1. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 10. gr. er orðunum „íslensku og norsku“ bætt við á eftir orðunum „opinberum tungumálum Sambandsins“.

37pb. **32018 D 1614**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1614 frá 25. október 2018 um forskriftir fyrir þær ökutækjaskrár sem um getur í 47. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/797 og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/756/EB (Stjtið. ESB, 26.10.2018, bls. 53).

37pc. **32019 R 0250**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/250 frá 12. febrúar 2019 um sniðmát fyrir „EB“-yfirlýsingar og -vottorð fyrir rekstrarsamhæfishluta og undirkerfi járnbrauta, um fyrirmynd að samræmisyfirlýsingu fyrir viðurkennda gerð járnbrautavagns, um „EB“-sannprófunaraðferðir fyrir undirkerfi í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/797 og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 201/2011 (Stjtið. ESB L 42, 13.2.2019, bls. 9).

37pd. **32019 R 0773**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/773 frá 16. maí 2019 um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar undirkerfið „rekstur og stjórn umferðar“ í járnbrautakerfi Evrópusambandsins og um niðurfellingu ákvörðunar 2012/757/ESB (Stjtið. ESB L 139I, 27.5.2019, bls. 5).

37pe. **32019 R 0777**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/777 frá 16. maí 2019 um sameiginlegar forskriftir um skrá yfir járnbrautargrunnvirki og um niðurfellingu framkvæmdarákvörðunar 2014/880/ESB (Stjtið. ESB L 139I, 27.5.2019, bls. 312).

37pf. **32020 R 0424**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/424 frá 19. mars 2020 um að leggja upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina að því er varðar frávík frá beitingu tækniforskrifta um rekstrarsamhæfi í samræmi við tilskipun (ESB) 2016/797 (Stjtið. ESB L 84, 20.3.2020, bls. 20).“

15. Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 42f (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 881/2004):

„**32016 R 0796**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/796 frá 11. maí 2016 um Járnbrautarstofnun Evrópusambandsins og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 881/2004 (Stjtið. ESB L 138, 26.5.2016, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Þrátt fyrir ákvæði bókunar 1 við samninginn ber að skilja hugtakið „aðildarríki(n)“ og önnur hugtök sem vísa til opinberra stofnana þeirra í reglugerðinni þannig að það taki, til viðbótar við merkingu þess í reglugerðinni, til EFTA-ríkjanna og opinberra stofnana þeirra.

b) Að því er varðar EFTA-ríkin geta Eftirlitsstofnun EFTA eða fastanefnd EFTA-ríkjanna, eftir því sem við á, þegar og ef ástæða er til, óskað eftir aðstoð stofnunarinnar við framkvæmd verkefna hvorrar um sig.

c) EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt í vinnuhópum og hópum sem stofnunin kemur á fót og skulu hafa sömu réttindi og skyldur innan þeirra og aðildarríki ESB, án atkvæðisréttar.

d) Eftirfarandi er bætt við 4. mgr. 11. gr.:

„Þegar heimsóknir hafa átt sér stað í EFTA-ríki skal stofnunin einnig senda Eftirlitsstofnun EFTA skýrsluna.“

e) Í 2. mgr. 25. gr., 3. mgr. 25. gr., 2. mgr. 26. gr., 3. mgr. 26. gr., 5. mgr. 26. gr., 2. mgr. 27. gr., 3. mgr. 33. gr., 5. mgr. 33. gr., 7. mgr. 33. gr., 4. mgr. 34. gr., 5. mgr. 34. gr. og 6. mgr. 34. gr. er orðunum „eða, að því er varðar EFTA-ríkin, Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir hugtakinu „framkvæmdastjórnin“.

f) Í 2. mgr. 29. gr., 3. mgr. 29. gr., 3. mgr. 30. gr. og 2. mgr. 32. gr. er orðunum „og Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir hugtakinu „framkvæmdastjórnin“.

g) Eftirfarandi er bætt við 5. mgr. 35. gr.:

„Stofnunin skal, að beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA, annast skýrslugjöf um stöðu innleiðingar og beitingar ákvæða EES-samningsins sem varða öryggi járnbrauta og rekstrarsamhæfi í tilteknu EFTA-ríki.“

h) Í 7. mgr. 38. gr. er orðunum „og Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir hugtakinu „framkvæmdastjórnin“.

i) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við 47. gr.:

„6. EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt í störfum stjórnarinnar og skulu innan hennar hafa sömu réttindi og skyldur og aðildarríki ESB, án atkvæðisréttar.

7. Eftirlitsstofnun EFTA skal eiga einn fulltrúa í stjórninni, án atkvæðisréttar.

Eftirlitsstofnun EFTA skal tilnefna stjórnarmann sem og varamann sem skal koma í stað stjórnarmannsins í fjarveru hans/hennar.“

j) Í a-lið 1. mgr. 51. gr. er orðunum „Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir hugtakinu „framkvæmdastjórnin“.

k) Eftirfarandi málsgrein er bætt við 55. gr.:

„7. Ríkisborgarar EFTA-ríkjanna skulu kjörgengir í stjórn, einnig til embættis formanna kærunefnda. Þegar framkvæmdastjórnin útbýr lista yfir einstaklinga sem vísað er til í a-lið 3. tl. skal hún einnig taka mið af hæfum einstaklingum sem eru ríkisborgarar EFTA-ríkjanna.“

l) Eftirfarandi málsgrein er bætt við 64. gr.:

„11. EFTA-ríkin skulu taka þátt í fjárframlagi Sambandsins sem um getur í a-lið 2. tl. Hvað þetta varðar gildir málsmeðferðin sem kveðið er á um í a-lið 1. mgr. 82. gr. og bókun 32 við EES-samninginn að breyttu breytanda.“

m) Eftirfarandi málsgrein er bætt við 67. gr.:

„4. Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 2. mgr. 12. gr. og a-liðar 3. mgr. 82. gr. ráðningarskilmála annarra starfsmanna er framkvæmdastjóra stofnunarinnar heimilt að gera ráðningarsamninga við ríkisborgara EFTA-ríkjanna sem njóta óskertra borgaralegra réttinda.“

Þrátt fyrir ákvæði e-liðar 2. mgr. 12. gr., e-liðar 3. mgr. 82. gr. og 3. mgr. 85. gr. í ráðningarskilmálum annarra starfsmanna, skal stofnunin, að því er varðar starfsfólk hennar, líta á tungumálin sem vísað er til í 1. mgr. 129. gr. EES-samningsins sem tungumál Sambandsins sem vísað er til í 1. mgr. 55. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.“

n) Eftirfarandi er bætt við 70. gr.:

„EFTA-ríkin skulu láta stofnunina njóta sérréttinda og friðhelgi með hliðstæðum hætti og kveðið er á um í Bókun um sérréttindi og friðhelgi Evrópusambandsins.“

o) Eftirfarandi er bætt við 74. gr.:

„Skjal sem EFTA-ríki eða einstaklingur sem heyrir undir lögsögu EFTA-ríkis sendir stofnuninni má vera samið á einhverju þeirra tungumála sem um getur í 1. mgr. 129. gr. EES-samningsins að vali sendanda. Svarið skal samið á sama tungumáli.“

p) Eftirfarandi er bætt við 1. mgr. 77. gr.:

„Við beitingu þessarar reglugerðar skal reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar einnig gilda um öll skjöl stofnunarinnar sem varða EFTA-ríkin.“

q) Eftirfarandi er bætt við 78. gr.:

Við beitingu þessarar reglugerðar skal stofnunin einnig beita meginreglum sem felast í öryggisreglum Evrópusambandsins til verndar trúnaðarupplýsingum ESB (EUCI) og viðkvæmum upplýsingum sem ekki eru flokkaðar sem trúnaðarupplýsingar, eins og segir í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB, KBE) 2015/444 um slíkar upplýsingar sem varða EFTA-ríkin.““

16. Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 42f (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2016/796):

„42fa. **32018 R 0764**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/764 frá 2. maí 2018 um þóknanir og gjöld sem greiða ber til Járnbrautarstofnunar Evrópusambandsins og tilheyrandi greiðsluskilyrði (Stjtið. ESB L 129, 25.5.2018, bls. 68).

42fb. **32018 R 0867**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/867 frá 13. júní 2018 um starfsreglur kærunefnda(r) Járnbrautarstofnunar Evrópusambandsins (Stjtið. ESB L 149, 14.6.2018, bls. 3).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í 23. gr. er orðunum „, íslensku og norsku“ bætt við á eftir orðinu „Sambandsins“.

17. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 42g (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/59/EB):

„– **32019 R 0554**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2019/554 frá 5. apríl 2019 (Stjtið. ESB L 97, 8.4.2019, bls. 1).“

18. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 42h (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1371/2007):

„42i. **32016 L 0798**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/2016/ESB frá 11. maí 2016 um öryggi járnbrauta (endurútgefin) (Stjtið. ESB L 138, 26.5.2016, bls. 102), sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 59, 7.3.2017, bls. 41, og Stjtið. ESB L 317, 9.12.2019, bls. 114.

„Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í öðrum málslið 3. mgr. 15. gr. er orðunum „eða, að því er varðar EFTA-ríkin, Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir hugtakinu „framkvæmdastjórnin“.

42ia. **32018 R 0761**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/761 frá 16. febrúar 2018 um að koma á sameiginlegum öryggisaðferðum við eftirlit landsbundinna öryggisyfirvalda eftir að öryggisskírteini eða öryggisheimild hefur verið gefin út samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/798 og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1077/2012 (Stjtið. ESB L 129, 25.5.2018, bls. 16).

42ib. **32018 R 0762**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/762 frá 8. mars 2018 um að koma á sameiginlegum öryggisaðferðum varðandi kröfur um öryggisstjórnunarkerfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/798 og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1158/2010 og (ESB) nr. 1169/2010 (Stjtið. ESB L 129, 25.5.2018, bls. 26).

42ic. **32018 R 0763**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/763 frá 9. apríl 2018 um að koma á hagnýtu fyrirkomulagi varðandi útgáfu eins öryggisskírteinis til járnbrautarfyrirtækja samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/798 og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 653/2007 (Stjtið. ESB L 129, 25.5.2018, bls. 49).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í 1. mgr. 5. gr. er orðunum „, íslensku eða norsku“ bætt við á eftir orðunum „,opinberum tungumálum Sambandsins“.

42id. **32019 R 0779**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/779 frá 16. maí 2019 um ítarleg ákvæði um vottunarkerfi fyrir aðila sem sjá um viðhald á ökutækjum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/798 og um niðurfellingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 445/2011 (Stjtið. ESB L 139I, 27.5.2019, bls. 360).“

19. Texti liðar 37d (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/57/EB), 37dm (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/880/ESB), 37df (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 201/2011), 42e (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/49/EB), 42ea (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 653/2007), 42eg (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 445/2011) og 42eh (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1077/2012) fellur brott.

20. Texti liðar 37da (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/756/EB) fellur brott.
21. Texti liðar 37dl (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/757/ESB) fellur brott frá 16. júní 2024.
22. Texti liðar 42ee (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1169/2010) og 42ef (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1158/2010) fellur brott frá 16. júní 2025.

*2. gr.*

Texti reglugerða (ESB) 2016/796, (ESB) 2016/2338, (ESB) 2019/554 og (ESB) nr. 1305/2014, framseldra reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/761 og (ESB) 2018/762, framkvæmdarreglugerða (ESB) 2017/6, (ESB) 2018/278, (ESB) 2018/545, (ESB) 2018/763, (ESB) 2018/764, (ESB) 2018/867, (ESB) 2018/868, (ESB) 2019/250, (ESB) 2019/772, (ESB) 2019/773, (ESB) 2019/774, (ESB) 2019/775, (ESB) 2019/776, (ESB) 2019/777, (ESB) 2019/778, (ESB) 2019/779, (ESB) 2020/387, (ESB) 2020/424, tilskipana (ESB) 2016/797 og (ESB) 2016/798, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 59, 7.3.2017, bls. 41, og Stjtið. ESB L 317, 9.12.2019, bls. 114, tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2014/38/ESB og framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2018/1614, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* er gildur á íslensku og norsku.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 25. september 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (\*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 247/2021 frá 24. september 2021 <sup>(42)</sup>, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 24. september 2021.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

***Rolf Einar Fife***

---

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(42) Verður birt.

*formaður.*

### **Sameiginleg yfirlýsing samningsaðilanna**

**varðandi ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 248/2021 sem tekur reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/796 frá 11. maí 2016 um Járnbrautarstofnun Evrópusambandsins og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 881/2004 upp í EES-samninginn**

Samningsaðilarnir viðurkenna, að teknu tilliti til tveggja stöða kerfis EES-samningsins og að því er varðar framsal valdheimilda til Járnbrautarstofnunar Evrópusambandsins vegna heimildarferlisins fyrir vagna og útgáfu eins öryggisskírteinis til fyrirtækja, og til að samþykkja verkefni evrópska stjórnunarkerfisins fyrir járnbrautarumferð sem varða starfrækslu járnbrautarspora, í þágu umsækjenda í EFTA-ríkjunum, auk gerðardómsfyrirkomulagsins sem kveðið er á um vegna ágreinings milli landsyfirvalda EFTA-ríkjanna sem fara með öryggi á þessu sviði og Járnbrautarstofnunar Evrópusambandsins, að þessi lausn hefur ekki fordæmisgildi að því er varðar aðlögun lagagerða Evrópusambandsins sem verða teknar upp í EES-samninginn í framtíðinni.